

Skýrsla stjórnar foreldrafélags Sóla, fyrir starfsárið 2018-2019

Þann 13. nóvember 2018, var haldinn aðalfundur foreldrafélagsins þar sem eftirtaldir voru stjórnarmeðlimir voru kjörnir formlega: Thelma Hrund Kristjánsdóttir, formaður, Björg Hjaltested, gjaldkeri, Unnur Líf Ingadóttir, ritari, Guðný Bernódusdóttir og Bragi Magnússon.

Á síðastliðnu starfsári stóð stjórn foreldrafélagsins fyrir jólaföndri í desember sem var með svipuðu sniði og árið á undan. Fyrst var byrjað á samveru inni í sal þar sem Sæþór Vídó var með foreldraframlag og söng jólalög með krökkunum. Jólasveinninn lét svo sjá sig og gaf krökkunum mandarínur, því næst var farið inn á kjarnana þar sem krakkarnir skreyttu piparkökur með fjölskyldum sínum. Boðið var upp á heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur.

Í desember bauð foreldrafélagið nemendum uppá leikhús í tösku sem er í umsjón Þórdísar Arnljótsdóttur, krökkunum til mikillar ánægju.

Þann 19. febrúar síðastliðinn kom Leikhópurinn Lotta og sýndi smærri útgáfu sýningar sinnar um Rauðhettu inni í sal fyrir nemendur leikskólans í boði foreldrafélagsins. Einnig bauðst foreldrum að nýta sér afsláttakóða við miðakaup á sýningu leikhópsins hér í Eyjum.

Foreldrafélagið bauð elstu nemendum leikskólans í myndatöku líkt og á síðasta ári. Allir útskriftarhóparnir fóru í heimsókn til Guðbjargar Guðmannsdóttur með sínum hópstjóra, þar fengu þau popp og fóru í bæði hóp og einstaklingsmyndatöku. Foreldrar keyptu síðan mynd af sínu barni og þeirra hópi gegn vægu gjaldi sem var niðurgreitt af foreldrafélaginu.

Þann 26. júní var útskrift elsta árgangsins og gaf foreldrafélagið að venju útskriftarnemum áletruð handklæði með merki skólans og nafni viðkomandi nemanda. Í kjölfarið af útskriftinni var haldin sumarhátíð þar sem boðið var upp á léttar veitingar, hoppukastala og tónlist. Sjúkrabíllinn kom svo í heimsókn og fengu krakkarnir að skoða bílinn og spjalla við sjúkraflutningamennina sem vakti mikla lukku. Stúlkurnar í eldhúsinu á Sóla bökuðu pítsasnúða og kanilsnúða sem voru alveg dásamlegir og þökkum við þeim innilega fyrir það.

Í sumar gaf foreldrafélagið leikskólanum ansi veglega gjöf en það voru tvö fótoltamörk, búið er að setja upp annað markið og hitt fer upp vonandi sem fyrst.

Ég vil þakka stjórninni kærlega fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Sóla

Thelma Hrund Kristjánsdóttir